

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. nóvember 2014  
Tilvísun: UST20141100033/hv

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs, 26. mál.

Umhverfisstofnun vísar til erindis nefndasviðs Alþingis (umhverfis- og samgöngunefndar), dags. 4 nóvember 2014, þar sem umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs, 26. mál er óskað.

Í tillögu til þingsályktunar kemur fram að Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að vinna að því, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, að stofna Hofsjökulsþjóðgarð sem hafi innan sinna marka Hofsjökul og aðliggjandi svæði. Jafnframt kemur fram að mat á verndargildi náttúrufars og menningarminja sem liggur til grundvallar þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða skuli haft til hliðsjónar við afmörkun þjóðgarðsins. Samkvæmt tillögunni skal stefnt að formlegri stofnun þjóðgarðsins árið 2016.

Umhverfisstofnun tekur undir þá tillögu að ástæða sé að friðlýsa svæðið sem um ræðir til að tryggja verndun vatnasvæðis friðlanda sem eru í og við Hofsjökul. Að öðru leyti vill stofnunin vísa til fyrri umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs, 169. mál, dags. 23. janúar 2014 og er meðfylgjandi umsögn þessari.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir  
Teymisstjóri

René Biasone  
Teymisstjóri